

Reykjavík, 19. nóvember 2013

Niðurstöður vegna athugunar á lánasafnsskýrslu Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf, í apríl 2013, athugun á lánasafnsskýrslu (e. Loan Portfolio Analysis Report eða LPAR) Íslandsbanka hf. Lánasafnsskýrslu, sem skilað er mánaðarlega til Fjármálaeftirlitsins, er ætlað að greina frá stöðu útlánasafns lánastofnunar út frá sjónarhorni endurskipulagningar safnsins. Megintilgangur skýrslunnar er að fylgjast með framgangi á endurskipulagningu lánasafns bankans og eru viðskiptavinir flokkaðir niður eftir umfangi og eðli þeirrar endurskipulagningar sem þeir hafa gengið gegnum eða hversu alvarleg fjárhagsstaða þeirra er gagnvart bankanum.

Athugunin beindist að því að kanna inntak lánasafnsskýrslu bankans og staðreyna að upplýsingar í henni væru í samræmi við undirliggjandi gögn og viðeigandi leiðbeiningar og viðmið. Athugunin tók til lánasafnsskýrslna m.v. 30. júní 2012 og 31. desember 2012.

Niðurstöður athugunarinnar voru byggðar á gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginna.

Að mati Fjármálaeftirlitsins virðist utnumhald og vinnsla lánasafnsskýrslu almennt í góðu horfi innan bankans.

Fjármálaeftirlitið kannaði með úrtakskönnun hvernig viðskiptavinir væru flokkaður í skýrslunni. Í öllum tilvikum reyndust félög rétt flokkuð með tilliti til umfangs. Flokkun með tilliti til stöðu endurskipulagningar reynist í flestum tilvikum í samræmi við undirliggjandi gögn en í þremur tilvikum var gerð athugasemd við ranga flokkun. Í nokkrum tilvikum var gerð athugasemd við flokkun lána með tilliti til fjölda afborgana á ári, þ.e. hvort afborganir af höfuðstól séu oftár eða sjaldnár en á 12 mánaða fresti, en athugasemdin skýrist af mistúlkun bankans á leiðbeiningum með skýrslunni.

Fjármálaeftirlitið hefur óskað eftir því við stjórn Íslandsbanka hf. að hún feli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir þeim ráðstöfunum sem bankinn mun grípa til vegna athugasemda og ábendinga sem vikið er að í skýrslunni. Fjármálaeftirlitið fer fram á að greinargerð innri endurskoðanda berist stofnuninni eigi síðar en 1. febrúar 2014. Fjármálaeftirlitið mun birta nýja gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni þegar skýrsla innri endurskoðanda um úrbætur liggur fyrir.

Fjármálaeftirlitið birtir hér með opinberlega samandregnar niðurstöður nefndrar athugunar, í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.